



Reykjavík 20. september 2013

Stjórnvaldssekt vegna brots HS Orku hf. gegn 2. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti

Þann 11. september 2013 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta HS Orku hf. vegna brots gegn 2. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að HS Orka hefði brotið gegn 2. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 með því að hafa ekki skilað listum yfir fruminnherja og fjárhagslega tengda aðila til Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu 13. október 2012 til 1. júlí 2013, eða í tvö skipti.

Við ákvörðun sektarfjárhæðarinnar var höfð hliðsjón af alvarleika brotsins, tímalengd og því að félagið hefur áður gengist undir sáttir vegna brota á 128. gr. laga nr. 108/2007. Þá var einnig horft til þess að engin viðskipti voru með umrædd skuldabréf á tímabilinu og því verður ekki séð að brot HS Orku hafi valdið fjárfestum tjóni. Litið var enn fremur til óverulegra umsvifa félagsins sem útgefanda á skuldabréfamarkaði og þess að félagið hefur sýnt samstarfsvilja við rannsókn málsins og viðurkennt brotið.

HS Orku var gerð stjórnvaldssekt sem þótti hæfilega ákveðin 3.400.000 krónur.